



## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um biðlista í úrræði/þjónustu sem er ekki sameiginleg öllum þjónustumiðstöðvum eða Barnavernd Reykjavíkur*

Þann 21. október 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um biðlista í úrræði og þjónustu sem ekki er sameiginleg öllum þjónustumiðstöðvum eða Barnavernd Reykjavíkur:

*Hér að neðan má sjá samantekt á þeim úrræðum/þjónustu sem er ekki sameiginleg öllum þjónustumiðstöðvunum eða Barnavernd Reykjavíkur.*

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að vita hverjir eru biðlistar í eftirfarandi úrræði:*

- „Mér finnst ég ekki lengur ein“
- „Lesum saman“ (Lestrarátaksverkefni)
- „Hjólakraftur“ (Persónuleg ráðgjöf í formi hópstarfs)
- „Lotta“ (Stuðningur til fjölskyldna sem standa illa félags- og fjárhagslega).
- „Klókir litlir krakkar“ (Kvíðameðferðarnámskeið fyrir forráðamenn barna yngri en 8 ára)
- „Fjörkálfar“ (Námskeið fyrir börn á aldrinum 8–12 ára með reiðivanda)
- Frístund plús: samstarf við Frístundamiðstöðina Miðberg til að styðja frístundastarf í hverfinu fyrir þau börn sem þurfa auka stuðning á frístundaheimilunum
- „TINNA“ (Stuðningur til fjölskyldna sem standa illa félags- og fjárhagslega)
- Talmeinafræðingar
- Verkefni þar sem unnið er að því að taka á mætingarvanda barna í 5. og 9. bekk
- Heimanámsaðstoð
- Samstarf við Gufunesbæ — styrkja félagslega einangruð ungmenni í 9. bekk

- *ÁTAK (Tímabundin þjónusta við börn og foreldra þar sem mætingarvandi er til staðar).*
- *ÁFRAM (Sértæk þjónusta við nemendur sem eru að ljúka grunnskóla og þurfa stuðning í framhaldsskólanum).*
- *Núvitundarnámskeið fyrir börn, unglunga og forráðamenn*
- *„Gaman saman“ (Persónuleg ráðgjöf í formi hópstarfs)*
- *„HAM“-námskeið (Hugræn athyglismeðferð í anda námskeiðsins: „Mér líður eins og ég hugsa“)*
- *Sálfræðiþjónusta fyrir börn hjá SÁÁ*

**Svar:**

Með tilkomu Keðjunnar í ársbyrjun 2020 eru öll námskeið sem boðið er upp á sameiginleg öllum þjónustumiðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur. Í eftirfarandi töflu er að finna upplýsingar um biðlista í þau námskeið sem hér er sérstaklega spurt um. Tekið skal fram að hér eru eingöngu upplýsingar um þau námskeið sem í boði eru í dag en í fyrirspurninni er óskað upplýsinga vegna fleiri námskeiða sem mögulega hafa verið í boði hér áður.

Námskeið	Biðlisti í nóvember 2020
<b>Klókir litlir krakkar</b>	41
<b>Fjörkálfar</b>	16
<b>Kartaflan</b>	0
<b>HAM fyrir unglunga</b>	12

Verkefnið TINNA sem Þjónustumiðstöð Breiðholts heldur utan um er nú boði fyrir öll hverfi borgarinnar þ.m.t. Barnavernd Reykjavíkur, vegna tilkomu samnings við velferðarráðuneytið fyrir árið 2020 þar um. Miðað er við að hægt sé að þjónusta 50 aðila á hverjum tíma og eins og staðan er í dag er verið að þjónusta 51 og því ekki um neinn biðlista að ræða þar sem flæðið í gegnum úrræðið hefur gengið mjög vel. Í fyrirspurninni er einnig sérstaklega spurt um verkefnið Lottu sem var tímabundið úrræði með sama markmiði en í dag er eingöngu um eitt úrræði að ræða fyrir borgarbúa en það er TINNA.

Í nóvember 2020 eru 210 börn að bíða þjónustu talmeinafræðinga í borginni.

Sú þjónusta sem nú er í boði til að takast á við mætingarvanda barna heitir *Morgunátak* og er á vegum Keðjunnar. Í nóvember 2020 er ekki biðlisti í úrræðið.

Keðjan er með samstarfssamning við Hjólakraft varðandi aðstöðu í húsnæði þeirra að Völvufelli 19 og 21. Þeir starfsmenn sem sinna einstaklingsstuðningi við börn geta nýtt sér húsnæðið frá kl. 16 – 19 mánudaga – fimmtudaga en ekki er um neinn biðlista að ræða.

Aðstoð vegna heimanáms er veitt með samstarfssamningi við Hjálpræðisherinn en í þá þjónustu hefur aldrei verið biðlisti.

*Áfram verkefnið* er samvinnu- og þróunarverkefni þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, grunnskóla í hverfinu og Fjölbrautarskólans við Ármúla, gegn brotthvarfi 15-

18 ára ungmenna úr námi. Tíu til tólf nemendur hafa tekið þátt í verkefninu ár hvert en tekið er inn að vori. Enginn biðlisti er í úrræðið.

Sjö börn eru á biðlista eftir sálfræðiþjónusta SÁÁ á grundvelli tilvísana frá þjónustumiðstöðvum og Barnavernd Reykjavíkur.

Einnig er spurt um úrræði sem ekki eru til staðar í dag, en það eru:

- „Mér finnst ég ekki lengur ein“
- Samstarfsverkefni við Gufunesbæ
- Frístund plús við Miðberg
- Gaman Saman (persónuleg ráðgjöf í formi hópstarfs)
- Núvitundarnámskeið fyrir börn, unglinga og forráðamenn
- „Lotta“ (Stuðningur til fjölskyldna sem standa illa félags- og fjárhagslega)

Lestraráttaksverkefnið Lesum saman er á vegum skóla- og frístundasviðs og því ekki biðlisti á vegum velferðarsviðs í það verkefni.